

Nd.

209. Tillaga til þingsályktunar

um áveitur.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um viðhald og eftirlit allra hinna stærri áveitufyrirtækja, er styrkt hafa verið eða styrkt verða af ríkisfé, og skal hið sameiginlega eftirlit með áveitunum falið Búnaðarfélagi Íslands.

Jafnframt skal ríkisstjórnin láta kunnáttumenn athuga, hvort ekki sé nauðsynlegt að stofna tilraunastöð á aðaláveitusvæðunum og koma því máli til framgangs, ef rannsókn leiðir í ljós, að slíks sé þörf.

G r e i n a r g e r ð .

Á aukabingi 1933 var flutt í efri deild Alþingis og samþykkt þar þingsályktunartillaga sama efnis og sú, sem hér er borin fram. Nú er einungis sleppt þeim lið hinnar fyrri tillögu, er þess var æst, að ríkisstjórnin gengist fyrir því, að lög yrðu sett, er bættu úr misrétti hinna ýmsu áveitufélaga um greiðslur stofnkostnaðar. Þar sem mest gætir ósamræmis í þessum efnum og lagfæring einkum aðkallandi um stofnkostnaðargreiðslu Skeiðaáveitubænda, má nú vænta, að úr verði bætt með lagafrumvarpi því, er liggur fyrir þinginu þar að lútandi. Verður því ekki talið nauðsynlegt að áréttu hér þann tillögulið.

Hin atriði ályktunarinnar frá 1933 þykir nú rétt að bera fram í neðri deild þingsins, ef það mætti verða til þess að flýta fyrir framgangi þessara mikilsvarðandi, en vanræktu mála. -- Að öðru leyti tel ég frekari greinargerð óþarfa nú við endurflutning tillögunnar.